

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps vegna Súluholtshjáleigu, nýs efnistöku- og efnislosunarsvæðis E24.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 6. maí 2026 óverulega breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sem samþykkt var í sveitarstjórn 17. febrúar 2026.

Í breytingunni felst nýtt efnistöku- og efnislosunarsvæði E24 á jörðinni Súluholtshjáleigu, þar sem heimilað verður að vinna allt að 48.000 m<sup>3</sup> af efni á 1,7 ha svæði og losa jarðveg í námuna vegna vegagerðar við nýja Ölfusárbrú.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 6. maí 2026.*

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

---

B deild - Útgáfudagur: 21. maí 2026